

Fundargerð

12. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 17. desember kl. 10:00-12:00

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkhart Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson, Snorri Baldursson, Aðalsteinn Sigurgeirsson.

Varamaður: Jón Hallsteinn Hallsson.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Emma ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 11. fundi var samþykkt með einni athugasemd.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir atburðum frá síðasta fundi. Heimilaðar voru lokagreiðslur vegna verkefna þar sem lokaskýrslur hafa borist. Auk verkefna sem getið er í fundargerð frá 11. fundi barst lokaskýrsla um verkefnið Erfðafræði urriða í Öxará (Sigurður Guðjónsson). Ritað var bréf til stuðnings stofnunar Geitfjárseturs Íslands samkvæmt ákvörðun síðasta fundar og sent sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og þingmönnum sem stóðu að þingsályktunartillögu um geitfjárstofninn á síðasta þingi.

Ekkert hefur miðað í undirbúningi stofnunar setursins og hefur formaður beðið gjaldkera BÍ sem sér um fjármuni erfðanefndar að flytja veittan styrk (kr. 500 þús.) til baka inn á reikning EL þar til mál hafa skýrst.

4. Uppgjör 2008 og framkvæmda- og fjárhagsáætlun 2009

Formaður lagði fram uppgjör ársins 2008 sem liggur fyrir. Inneign í lok árs var kr. 4.896 þús. og þar af eru kr. 1.222 þús. bundin í ógreiddum lokagreiðslum styrkja. Framlag á fjárlögum 2009 er kr. 5.300 þús.

Samþykkt var eftirfarandi áætlun um nýtingu fjármuna á næsta ári:

<i>Stofnverndarstyrkir vegna geitfjárræktar</i>	<i>1.800 þús</i>
<i>Nýir styrkir</i>	<i>3.000 þús</i>
<i>Stofnun erfðaauðlindaseturs – ný heimasíða</i>	<i>1.500 þús</i>

5. Eftirfylgni styrkverkefna

Formaður reifaði hugmyndir um ítarlegri reglur um styrkveitingar, sérstaklega hvað varðar eftirfylgni með framvindu verkefna. Fram kom að alls hafa 28 verkefni hlotið styrki frá 2003 og framgangur þeirra hefur yfirleitt verið samkvæmt áætlun með fáeinum undantekningum.

Samþykkt var að útbúa sérstakt umsóknaeyðublað fyrir næsta umsóknarfrest sem verður í vor. Jafnframt verði mótaðar nánari reglur um viðbrögð ef skýrsla hefur ekki borist innan tveggja ára frá styrkveitingu. Ritað verði bréf til styrkþega og lokagreiðsla dregin til baka hafi

skýrsla ekki borist innan 6 mánaða. Hægt verði að fá undanþágu frá þessu ef sérstakar ástæður gefa tilefni til.

6. Ný heimasíða erfðanefndar

Pórey Gylfadóttir hefur unnið drög að heimasíðu fyrir erfðanefndina að beiðni formanns og kynnti þau á fundinum. Drögin mæltust vel fyrir. Rætt var um myndefni fyrir síðuna. Nauðsynlegt er að nefndarmenn aðstoði við öflun mynda hver á sínu sviði. Bráðabirgðanafn á léni er **agrogen.is**. Nokkrar umræður urðu um val á nafni fyrir vefinn og hugsanlegt merki (logo) í því samhengi. Ekki var talið æskilegt að nafnið agrogen væri notað í logo erfðanefndar en það mætti nota sem nafn á léni.

7. Starfsáætlun erfðanefndar 2009-2013.

Ríkharð Brynjólfsson hefur lokið vinnu sinni við ritun starfsáætlunarinnar og gerði grein fyrir skýrslunni á fundinum. Fáeinar athugasemdir bárust á síðustu dögum og er formanni falið að vinna endanlega úr þeim með aðstoð annarra nefndarmanna og sjá um lokafrágang. Samþykkt var að birta skýrsluna á nýrri heimasíðu erfðanefndar, prentuð verði nokkur eintök til varðveislu á bókasöfnum.

8. Stofnun seturs um íslenskar erfðaauðlindir

Formaður gerði grein fyrir tillögu sinni um stofnun seturs um íslenskar erfðaauðlindir í samstarfi við LbhÍ og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Þar verði hýst starfsemi erfðanefndar og sinnt alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Málið hefur verið kynnt fyrir fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Tillagan hlaut jákvæðar undirtektir nefndarmanna og bent var á möguleika á samstarfi við umhverfisráðuneytið og nefndir í umsjá þess þar sem einnig er þörf á faglegu starfi.

Formanni var falið að vinna að málinu í samstarfi við fulltrúa ráðuneyta og yfirstjórn LbhÍ.

9. Kynning á starfsáætlun EL og formleg opnun heimasíðu

Formaður kynnti hugmynd boðun opins fundar um erfðaauðlindir í landbúnaði þar sem starfsáætlun nefndarinnar verði kynnt í endanlegri útgáfu og heimasíða erfðanefndar opnuð. Skemmtilegt væri ef forstjóri NordGen, Jessica Katle gæti verið viðstödd og kynnt starfsemi NordGen við sama tilefni. Hugmyndin fékk góðar undirtektir.

Formanni var falið að vinna áfram að málinu og stefnt er að fundi í apríl 2009.

10. Alþjóðlegt samstarf

Áslaug greindi frá starfi stjórnar NordGen þar sem hún á sæti. Erling Fimland lætur formlega af störfum hjá stofnuninni í upphafi árs 2009 og unnið er að ráðningu eftirmanns hans sem verður oddviti starfsins á sviði búfjárræktar. Kveðjuseminar verður haldið á Ási í Noregi í janúar. Emma mun sækja þann fund.

Aðalsteinn sagði frá fundi og ráðstefnu á vegum NordGen- Skog sem haldin var á Selfossi á liðnu sumri og tókst vel.

Áslaug upplýsti að nýrri stöðuskýrslu um erfðaaauðlindir nytjaplantna verði skilað fljótlega til FAO. Það er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem fer með það mál.

11. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður í maí 2009 og þá er reiknað með að fara yfir styrkumsóknir.